


LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

Skýrsla stjórnar 2014-2016



Skýrsla stjórnar Landssambands hestamannafélaga

starfsárin 2014-2016

Aðalstjórn

Formaður:	Lárus Ástmar Hannesson, Snæfellingi
Varaformaður:	Jóna Dís Bragadóttir, Herði
Gjaldkeri:	Ólafur Þórisson, Geysi
Ritari:	Eyþór Jón Gíslason, Glað
Meðstjórnendur:	Andrea M. Þorvaldsdóttir, Létti Haukur Baldvinsson, Sleipni Stella Björg Kristinsdóttir, Spretti

Varastjórn:

Helga Björg Helgadóttir, Fáki
Hrönn Kjartansdóttir, Herði
Petra Kristín Kristinsdóttir, Sindra
Rúnar Þór Guðbrandsson, Herði
Sigurjón Rúnar Bragason, Fáki

Stjórnarfundir

Frá síðasta landsþingi hafa verið haldnir 23 fundir. Fundargerðir allra funda stjórnar er að finna inná vef sambandsins, www.lhhestar.is.

hérlandis og erlendis. Verkefnið var unnið í samvinnu við landsliðs- og æskulýðsnefnd. Umsjónaraðili var ráðinn Páll Bragi Hólmarsson. Vinnan hefur gengið vel og hafa 15-20 ungir knapar notið góðs af þessu starfi. Nú þegar er hafinn undirbúningur að starfinu fyrir árið 2017.

Skrifstofuhald

Skrifstofa LH er opin milli kl. 10-14 alla virka daga. Á skrifstofunni störfuðu þessi tvö ár þær Hilda Karen Garðarsdóttir, Jóhanna Gunnarsdóttir og Anna Lilja Pétursdóttir sem verkefnastjórar. Að auki starfaði Þórdís Anna Gylfadóttir sem verkefnastjóri hjá Landsmóti og í verkefnum fyrir LH. Þá var Áskell Heiðar Ásgeirsson framkvæmdastjóri Landsmóts 2016. Þær Jóhanna og Anna Lilja hafa nú látið af störfum og á skrifstofunni starfar nú Hilda Karen Garðarsdóttir og Þórdís Anna Gylfadóttir verkefnastjórar. Í sumarstarfi sumrin 2015 og 2016 var Vera Vilhjálmsdóttir.

Afrekshópurinn

Farið var af stað með afrekshóp ungra knapa á árinu. Markmiðið er að efla unga knapa og undirbúa þá undir þátttöku í sterkum mótum

Skógarhólar

Á vormánuðum voru ráðnir staðarhaldarar á Skógarhóla þau Bergdís Finnbogadóttir og Árni Guðmundsson. Aukning varð á nýtingu svæðisins og var hafin vinna við endurbætur. Húsið var að hluta til málað og gaf Málning ehf málninguna og þökkum við þeim fyrir þeirra velvild. Það er okkar von að nýtingin eigi bara eftir að aukast og hvetjum við okkar félagsmenn að nota þessa frábæru aðstöðu sem við eigum. Reksturinn gengur vel miðað við hefðbundna starfsemi. Skógarhólar fengu óvænt hlutverk í september þegar þeir voru leigðir til hátíðahalda fyrir erlent fyrirtæki. Þessi leiga skilaði LH um 1,5 milljón króna en stjórnarmennir Jóna Dís Bragadóttir og Helga Björg Helgadóttir eiga heiður skilið fyrir

þeirra ómældu vinnu við verkefnið sem var stórt og umfangsmikið.

Samstarf við Bændasamtök Íslands

Mikið og gott samstarf hefur verið við Bændasamtök Íslands. Það samstarf er mikilvægt fyrir báða aðila og ber þar að nefna samstarfið við rekstur LM, Sportfengs og varðveislu myndefnis frá landsmótum inná WorldFeng.

Hagkvæmni í auknu samstarfi


LH, FHB og FT fengu styrk til að láta kanna hvort hagkvæmt væri að sameina félögin eða auka samstarfið. Auglýst var eftir aðila til að vinna þessa vinnu og var Kristinn Hugason ráðinn sem skilaði ítarlegri skýrslu með sínum rannsóknum og niðurstöðum. Skýrslan er mjög vel unnin og fróðleg yfirlstrar. Niðurstaðan er sú að ekki er ráðlegt að sameina LH, FT og FHB þar sem þannig félag ætti ekki rétt á skráningu innan ÍSÍ þar sem um atvinnustarfsemi yrði að ræða að hluta til. Mælti skýrsluhöfundur með auknu rekstrarlegu og faglegu samstarfi og metur það þannig að aukið samstarf myndi efla og auka skilvirkni innan hestasamfélagsins.

Myndbönd í WorldFeng

Í ágúst 2015 voru undirritaðir samningar um samstarf um aðgang og geymslu á myndefni í eigu Landsmóts ehf., á milli LM og Bændasamtaka Íslands. Samningurinn mun nýtast vel til að efla þann frábæra gagnagrunn sem WorldFengur er og auka tekjur LM. Einnig er verið að mæta breyttu landslagi er varðar geymslu og notkun á kvikmynduðu efni og uppfylla þær sjálfsögðu kröfur um að efnið verði aðgengilegt og nýttist greininni.

Horses of Iceland – markaðsverkefni

LH er ásamt fjölbreyttum hópi einstaklinga, félaga og fyrirtækja sem standa að stóru markaðsverkefni um íslenska hestinn og er það Íslandsstofa sem heldur utan um verkefnið. Verkefnið fær sérstaka kynningu á landsþingi LH í Stykkishólmi og er það Jelena Ohm verkefnastjóri verkefnisins fyrir hönd Íslandsstofu sem sér um þá kynningu. Útdráttur úr erindi Jelenu mun verða aðgengilegt inná vef LH, www.lhhestar.is.



Sportfengur

Tölvunefnd LH hefur síðustu misserin unnið að nýjum veflægum Sportfeng til mótahalds, með forriturum Bændasamtaka Íslands. Vinnu við kerfið er nánast lokið og munu prófanir standa yfir nú á haustmánuðum. Þórður Ingólfsson í tölvunefnd mun kynna kerfið á landsþinginu.



Landsmót 2016

Nýkjörin stjórn varð, haustið 2014, við ósk Gullhýls ehf. um að færa landsmótsstaðinn frá Vindheimamelum og heim til Hóla í Hjaltadal að

uppfylltum skilyrðum. Sú ákvörðun var afar farsæl og mun sú mikla uppbygging sem farið var í á Hólum nýttast hestasamfélaginu inní komandi framtíð. Samstarfið við hestamenn á svæðinu og sveitarstjórnarmenn í Skagafirði var afar ánægjulegt.

Alþjóðlegt rannsóknarteymi undir stjórn ferðamáladeildar háskólans á Hólum framkvæmdi fjölbreyttar rannsóknir á mótinu. Sjónum var beint að samfélagslegum áhrifum viðburðarins, auk efnahagslegra og fjölmargir aðrir þættir skoðaðir. Niðurstaðna er að vænta þegar líður á veturinn. Óhætt er að segja að Landsmótið á Hólum sé mest rannsakaði viðburður á Íslandi til þessa.



Rekstrarniðurstaðan er bærileg þó gaman hefði verið að fá fleiri gesti en vond veðurspá og Evrópumótið í knattspyrnu tóku sinn toll.

Fyrirhuguð er ráðstefna um landsmótin á vormánuðum þegar niðurstöður rannsókna liggja fyrir.

Mótið þótti takast vel og var almenn ánægja með viðburðinn.

Mjög ánægjulegt var að auk þeirrar frábæru aðstöðu sem byggð var upp á Hólum afhentu nokkur öflug og velviljuð fyrirtæki Háskólanum á Hólum tvö ný dómhús/kennslustofur sem standa við sitthvorn völlinn á Hólum. Fyrirtækin sem stóðu að verkefninu með LM eru: Tengill, Steypustöð Skagafjarðar, Trésmiðjan Borg,

Límtré vírnet, Steinullarverksmiðjan, Gluggar og gler og Vörumiðlun.

Áætla má að þessar gjafir séu um 20 milljóna króna virði. Það er afar ánægjulegt að vita til þess að við hestamenn eigum svo öfluga hauka í horni.

Næstu landsmót

Skrifað var undir samning við hestamannafélagið Fák vegna landsmóts 2018. Talsverð breyting er á þeim samningum miðað við þá sem gerðir hafa verið frá því árið 2000. Nú sér mótshaldari alfarið um rekstur mótsins en LM fær greitt fyrir að úthluta félaginu mótinu. Með þessu fyrirkomulagi færist formið nær því sem gert er með heimsmeistaramótin. Fjárhagsleg áhætta er engin fyrir LM og félögin eiga auðveldara með að fá fólk til að leggja hendur á plóg þar sem mótin verða meira „þeirra“.

Einnig er verið að vinna að því að landsmótin færist eina viku aftur í dagatalinu. Margar ástæður liggja þar að baki og er þetta gert í samráði við önnur aðildarlönd FEIF og næst vonandi sátt um það í hinum sí stækkandi Íslandshesta heimi.

Stjórn LH auglýsti eftir umsóknum að landsmótunum sem halda á 2020 og 2022. Mikill metnaður var í þeim umsóknum sem bárust en samþykkt var að ganga til samninga við Sunnlendinga með að halda mótið 2020 á Hellu og mótið 2022 verður hjá Spretti í Kópavogi. Þessar ákvarðanir eru teknar með fyrirvara um að samningar náist en gert er ráð fyrir álíka rekstrarformi og undirritað var við Fák.

Fyrir hönd stjórnar LH,

Lárus Ástmar Hannesson, formaður.